



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Kaupþing ehf.
Paul Copley
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2017
Tilv.: FJR15120042/9.6

Ráðuneytið hefur móttengið erindi Kaupþings ehf., dags. 1. ágúst 2017, sem varðar kauprétt ríkisins á hlutum í Arion banka og arðgreiðslur í tengslum við skráningu bankans. Að auki varðar bréfið gjaldeyrisviðskipti á milli Seðlabanka Íslands og Kaupþings ehf., og gerir ráðuneytið ráð fyrir að Seðlabanki Íslands svari þeim hluta erindisins.

Í grein 3.6. í samningi milli Kaupþings ehf., Kaupskila ehf. og Seðlabanka Íslands, dags. 13. janúar 2016, (Shareholder's proceeds apportionment agreement), er kveðið á um að fjárfestingarbanki verði fenginn til að meta og gera tillögur um það hvernig nauðsynlegt eða fýsilegt verði að aðlaga kauprétt ríkisins á hlutum í Arion banka hf. í tengslum við frumskráningu bankans á markað. Ákvæðið mælir fyrir um að samningsaðilar séu skuldbundnir til samstarfs um það á grunni niðurstöðu fjárfestingabankans með hvaða hætti slík aðlögun muni eiga sér stað. Kaupþing hefur upplýst ráðuneytið um að slík greinargerð verði lögð fram.

Í framangreindum samningi frá 13. janúar 2016, kemur fram að arður frá Arion banka til Kaupþings telst sölutengdur arður ef hann er greiddur við sölu eða í tengslum við sölu Kaupþings á Arion banka og er því rétt að Kaupþing sýni fram á að arðgreiðslur nú séu þannig eðlilegur hluti af skráningarferlinu.

Benedikt Jóhannesson

Ljósrit: Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík
Forsætisráðuneyti, Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík